

# FULLGILDI LEIKSKÓLABARNA Í FJÖLBREYTT-UM BARNAHÓPI: SÝN OG REYNSLA FORELDRA

Markmið rannsóknarinnar var að leita eftir sjónarmiðum foreldra um samstarf, starfshætti, samskipti og félagslega þætti leikskólastarfs í leikskóla barna þeirra. Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn geta staðið höllum fæti þegar kemur að félagslegum þáttum starfsins. Tilgangurinn er að fá innsýn í sjónarmið foreldra um fullgildi barna þeirra í leikskólastarfi og varpa þannig ljósi á mikilvægi þess að koma til móts við fjölbreytta barnahópa og sýna hvernig börn með önnur móðurmál og aðra heimamenningu geta auðgað og bætt leikskólastarfið. Þátttakendur voru 300 foreldrar leikskólabarna sem svöruðu rafrænum spurningalista. Tæplega 90% þátttakenda voru fædd á Íslandi. Flestir foreldrar töldu börn sín hafa sterka stöðu í jafningjahóp, þau ættu vini, væru hluti leikskólasamfélagsins og hlustað væri á þau. Foreldrar af erlendum uppruna höfðu frekar áhyggjur af því að börn þeirra væru útilokuð vegna menningar eða tungumáls og þeir óskuðu eftir betri stuðningi við börnin til fullgildis. Þessir foreldrar voru ólíklegri en aðrir til að finna þeir vera með í ráðum um starfshætti leikskólans og treystu sér síður til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Efnisorð: fullgildi, foreldrar af erlendum uppruna, starfshættir í leikskólum, fjölbreyttur barnahópur

## INNGANGUR

Gott samstarf við foreldra er einn þeirra þátta sem talinn er endurspegla gæði í leikskólastarfi (OECD, 2020). Niðurstöður rannsókna benda jafnframt til þess að samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra hafi jákvæð áhrif á félagslega og námslega þætti, auki öryggi og vellíðan barna og stuðli að velgengni þeirra í námi (Janssen og Vandebroek, 2018; Norheim og Moser, 2020; OECD, 2013). Þetta endurspeglast í íslenskum lögum og stefnumótun leikskóla. Í lögum um leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008) er kveðið á um rétt foreldra til upplýsinga um skólastarfið, líðan og námsframvindu barna sinna og aðkomu þeirra að stefnumörkun. Í Aðalnámsskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) er litið á fjölskyldur og leikskólann sem samstarfsaðila. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs eru talin mikilvægur þáttur í heildarsýn á velferð og vellíðan

barna. Jafnframt er lögð áhersla á að samstarf við foreldra byggist á gagnkvæmum skilningi og að starfsfólki leikskóla beri að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu.

Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt er leitað eftir sjónarmiðum foreldra um leikskólagöngu barna sinna og samstarf við leikskólann. Sjónum er beint að samskiptum og félagslegum þáttum leikskólastarfsins og gengið út frá hugtakinu fullgildi sem er þýðing á enska orðinu belonging. Tilgangurinn er að varpa ljósi á mikilvægi þess að koma til móts við fjölbreytta barnahópa og það hvernig börn með önnur móðurmál og aðra heimamenningu geta auðgað og bætt leikskólastarfið. Fullgildi er nátengt hugtökunum útilokun og þátttöku í skólastarfi, en gengið er út frá þeirri tilfinningu barnsins að tilheyra og vera hluti af hópi, samfélagi eða stað. Könnuð eru viðhorf og reynsla foreldra af fullgildi í leikskólastarfi; hvað þeir telja mikilvægt að skólinn leggi áherslu á til að stuðla að fullgildri barnanna í leikskólanum og hver þeirra eigin þáttur er í ákvörðunum sem tengjast fullgildri þátttöku barna þeirra.

Með auknum fólksflutningum á milli landa á síðustu áratugum hefur samsetning barnahópa í leikskólum landsins gjörbreyst og leikskólar eru orðnir fjölmenningarlegur vettvangur. Árið 2019 voru leikskólabörn með annað móðurmál en íslensku alls 2713 (14%) en til samanburðar voru þau 1614 (9%) árið 2009 (Hagstofa Íslands, 2021a). Í ljósi þessa var í þessari rannsókn einnig könnuð afstaða foreldra barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn til fullgildis og skoðað hvort munur væri á sjónarmiðum foreldra með erlendan bakgrunn og svo innlandan.

## FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

### Fullgildi í leikskólastarfi

Í lýðræðisþjóðfélögum er litið á það sem rétt sérhvers barns að upplifa að það tilheyri og njóti virðingar án tillits til bakgrunns eða einstaklingsþarfa (Johansson og Puroila, 2021). Á tímum alþjóðavæðingar og hreyfanleika fólks milli heimshluta hefur margbreytileiki aukist í samfélaginu og því eru spurningar um það hverjir tilheyra og hverjir ekki orðnar enn áleitnari en áður. Hugtakið fullgildi (e. belonging) er margslungið og hefur verið rannsakað út frá ýmsum fræðigreinum. Sú merking sem lögð er í hugtakið mótast af þeirri faglegu sýn sem gengið er út frá. Í sálfræðilegum rannsóknum hefur verið gengið út frá fullgildi sem grundvallarþörf alls fólks frá unga aldri til að mynda tengsl við annað fólk (Johansson og Puroila, 2021). Nýrri rannsóknir hafa í auknum mæli beint sjónum að félagslegum þáttum og þar er litið á fullgildi sem þörf fólks til að finnast það eiga heima (e. feeling at home), vera viðurkennt í hópi og þátttakendur í samfélagi og sem ferli sem skilgreinir einstaklinga í félagslega hópa greinda frá öðrum félagslegum hópum. Yuval Davis (2006) hefur beint sjónum að pólitískri vídd fullgildis (e. politics of belonging) sem felur í sér siðferðislegt og pólitískt gildismat og valdatengsl. Fullgildi merkir þá að vera viðurkenndur af öðrum. Hún bendir á að sumir hópar og einstaklingar séu útilokaðir af þeim sem völdin hafa (Johansson og Puroila, 2021).

Rannsóknir sýna að fullgildi er mikilvægt fyrir sjálfsmynd og vellíðan barna. Ýmsir

Þættir hafa áhrif á fullgildi barna í leikskólum. Vináttutengsl við jafnaldra og samskipti við fullorðna eru mikilvægir þættir (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020; Juvenen, 2006; Osterman, 2000). Félagsleg tengsl og viðurkenning í barnahópnum stuðla að jákvæðum viðhorfum til skólans og hefur áhrif á framtíðarskólagöngu barna og velgengni þeirra almennt (Joerdens, 2014; Nutbrown og Clough, 2009). Jaðarsetning og útilokun barna í leikskólum er áhyggjuefni. Í ljós hefur komið að börn sem eru á einhvern hátt frábrugðin öðrum, t.d. hvað varðar menningu, tungumál og kynþátt, upplifa síður fullgildi í leikskólanum en önnur börn (Kernan, 2010; Stratigos o.fl., 2014). Margar rannsóknir sýna að erfitt getur reynst fyrir börn með annan tungumála- og menningarbakgrunn en þann sem er ríkjandi að verða hluti af leikskólasamfélaginu. Má þar helst nefna rannsókn Sadownik (2018) sem leiddi í ljós að pólskum börnum sem fluttust til Norðurlanda fannst erfitt að komast inn í norræna skólasamfélagið af því að þau skorti lykilkunnáttu og hæfni (t.d. tungumálið). Þar af leiðandi fundu þau ekki leiðir til að taka þátt í leik og voru því höfð út undan. Hér á landi benda niðurstöður rannsókna til þess að staða þessa hóps sé á margan hátt áhyggjuefni; til að mynda virðast börnin fá færri tækifæri til þátttöku í leik og vera frekar höfð út undan í leikskólanum (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020).

Fyrri rannsóknir á fullgildi í leikskólum varpa ljósi á það hversu mikilvægt er að starfsfólkið styðji samskipti barnanna og skapi aðstæður fyrir fullgildi í leikskólasamfélaginu (Arvola o.fl., 2017; Juutinen, 2018; Nutbrown og Clough, 2009). Þetta á ekki síst við um börn með annað móðurmál og menningu (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020; Juutinen o.fl., 2018). Starfsfólk leikskóla er jafnframt í lykilaðstöðu til að skapa tengsl við foreldra og stuðla að fullgildi þeirra og þátttöku í leikskólastarfinu. Nýleg rannsókn leiddi í ljós að starfsfólk í íslenskum leikskólum stefndi almennt að því að öll börn væru fullgildir þátttakendur í barnahópi, að þau væru viðurkennd eins og þau eru, og það kysi að hafa foreldra með í ráðum um starfið. Starfsfólkið varð helst vart við að sum börn með annað móðurmál en íslensku væru útilokuð í jafningjahópi og hafði áhyggjur af stöðu barna með annan tungumála- og menningarbakgrunn en íslenskan (Jóhanna Einarsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir, 2021).

## Sýn foreldra á fullgildi

Talið er að foreldrar búi yfir þekkingu á því hvernig börn þeirra upplifa fullgildi og hvernig unnið er með fullgildi í leikskóla barna þeirra. Í þessari rannsókn var því talið mikilvægt að leita til foreldra til að öðlast skilning á reynslu þeirra og sýn á fullgildi barna sinna í leikskólanum og þeirra eigin þátttöku í starfi leikskólans.

Rannsóknir á sjónarmiðum foreldra um leikskólann og þeim áherslum sem þar eru lagðar sýna að foreldrar hér á landi leggja fyrst og fremst áherslu á að börn þeirra læri samskipti og félagslega hæfni í leikskólanum. Leikur, óformlegt nám, umhyggja og persónuleg hæfni eru þeir þættir sem foreldrar telja mikilvæga (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, 2020). Þessar áherslur eru í samræmi við þá stefnumótun sem birtist í *Aðalnámsskrá leikskóla*. Viðhorf foreldra hér á landi hafa ekki tekið breytingum á síðustu árum þrátt fyrir auknar kröfur um samræmd próf og mælanlegan árangur í nágrannalöndunum (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, 2020). Ný rannsókn hér á landi með foreldrum með

fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn leiðir í ljós svipaðar niðurstöður. Félagssleg staða barnanna og vináttutengsl voru foreldrunum hugleikin og að þeirra mati forsenda þess að börnum þeirra vegnaði vel á skólagöngunni (Björn Rúnar Egilsson og Jóhanna Einarsdóttir, 2022).

Íslenskar rannsóknir sýna að foreldrar með erlendan bakgrunn finna fyrir menningarmun á skóla- og uppeldismálum miðað við upprunaland þeirra og upplifa gjarnan aga- og skipulagsleysi í skólum og á frístundaheimilum (Björn Rúnar Egilsson og Jóhanna Einarsdóttir, í prentun; Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2019). Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna sem sýna að foreldrar með erlendan bakgrunn upplifa gjarnan hindranir í samskiptum við leikskóla barna sinna. Þessar hindranir tengjast einkum tungumálinu, ólíkri valdastöðu og menningarbundnum ágreiningi (Norheim og Moser, 2020). Yfirgripsmikil rannsókn í fimm löndum sýndi t.d. töluverðan mun á því sem foreldrum í hópi innflytjenda fannst mikilvægt að leikskólinn legði áherslu á. Foreldrar í Frakklandi og Bandaríkjunum lögðu t.d. áherslu á að börn þeirra lærðu lestur og stærðfræði sem fyrst og þeim væri stýrt af kennurunum. Foreldrar leikskólabarna á Ítalíu, í Bretlandi og Þýskalandi lögðu áherslu á frjálsan leik. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að foreldrar tileinki sér fljótlega viðhorf samfélagsins og átti sig á því að til þess að börnum þeirra vegni vel þurfi þau að aðlaga sig því sem fyrir er (Tobin o.fl., 2016). Þessar niðurstöður sýna að erlendir foreldrar eru fjölbreyttur hópur sem byggir á ólíkri reynslu. Þessi fjölbreytti reynsluheimur kom glöggt fram í nýrri íslenskri rannsókn á fullgildi með foreldrum með erlendan bakgrunn. Sjónarmið foreldranna voru mjög ólík. Sumir töldu nán tengsl við leikskólann mikilvæg á meðan aðrir kusu vissa fjarlægð milli heimilis og leikskóla. Sú afstaða mótaðist bæði af tungumálinu og tímanum sem foreldrar höfðu til umráða (Björn Rúnar Egilsson og Jóhanna Einarsdóttir, 2021).

Foreldrar af erlendum uppruna hér á landi hafa margir áhyggjur af íslenskunámi barna sinna og kalla eftir meiri stuðningi við tví- og fjöltyngd börn (Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2018). Þeir kalla jafnframt eftir meiri þekkingu á fjölmenningu og fjöltyngi og vilja að móðurmálskennslu verði gert hærra undir höfði (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016; Renata Emilsson Peskova og Hanna Ragnarsdóttir, 2017). Rannsóknir í nágrannalöndunum sýna einnig að erlendir foreldrar leggja ríka áherslu á að börn þeirra læri tungumál samfélagsins og tileinki sér félagslega þætti svo þau öðlist sess í hópnum (Van Laere og Vandebroek, 2017; Vuorinen, 2018).

Aðrar rannsóknir með foreldrum leikskólabarna sýna að foreldrum með erlendan bakgrunn finnst sig skorta þekkingu á skólakerfinu og þeir kvarta yfir því að erfitt sé að fá upplýsingar frá skólunum og óska eftir betri samskiptum og tengslum við starfsfólk leikskólans. Rannsókn með erlendum foreldrum hér á landi sýndi að foreldrunum fannst þeir vera afskiptir og þeir voru kvíðnir vegna grunnskólagöngunnar (Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2019). Foreldrarnir sem tóku þátt í rannsókn Van Laere og Vandebroek (2017) voru einnig kvíðnir vegna framtíðarskólagöngu barna sinna. Þeir létu í ljós ótta um að börn þeirra yrðu höfð út undan í leikskólanum, yrðu eftir á í námi og send í sérkennslu. Viðbrögð sumra foreldranna voru þau að laga væntingar sínar að kröfum og normum kennaranna og skólakerfisins. Þrátt fyrir hræðslu foreldra um að börn þeirra yrðu útilokuð, þá settu fáir spurningarmerki við það að börn þeirra þyrftu fyrst og fremst að aðlagast aðstæðum í leikskólanum sem þau

voru í. Þó þeir áttuðu sig vel á því að gjá væri á milli námslegrar stöðu barna þeirra og þess sem skólinn krafðist af þeim spurðu þeir ekki hvernig skólinn og starfsfólkið gæti lagað sig að mismunandi reynslu og stöðu barnanna, heldur hvernig þeir og börnin gætu aðlagað sig skólanum. Aðrar rannsóknir hafa sýnt svipaða niðurstöðu, þ.e. að leikskólinn beini sjónum að því sem börnin skortir í stað styrkleika þeirra og foreldrar lagi sig að gildum og normum meirihlutans (Solberg, 2018). Vandenbroeck og samstarfsfólk líta svo á að samstarf við foreldra feli í sér mótsagnir og valdaójafnvægi. Þau hafa verið talsmenn lýðræðislegs foreldrasamstarfs sem byggist á gagnkvæmum samningaviðræðum. Þetta eigi ekki síður við þegar foreldrar séu með annað móðurmál og annan menningarbakgrunn en er ríkjandi í samfélaginu (Janssen og Vandenbroeck, 2018; Vandenbroeck, 2009).

## Rannsóknarspurningar

Jaðarsetning og útilokun barna er áhyggjuefni á tímum aukinnar fjölbreytni. Þrátt fyrir aukinn áhuga á skóla fyrir alla og fullgildi sem lykilhugtaki í stefnumótun á alþjóðavísu, þá skortir hér á landi þekkingu á fullgildi í leikskólastarfi. Í þessari rannsókn er sjónum beint að sýn foreldra á fullgildi í leikskólanum og því hvernig stuðlað er að fullgildri þátttöku allra barna. Rannsóknarspurningarnar sem leiða þessa rannsókn eru:

1. Hver er sýn foreldra á fullgildi og stöðu barna sinna í jafningjahópi?
2. Hvernig telja foreldrarnir að leikskólinn geti unnið með fullgildi?
3. Hver er reynsla foreldra af eigin fullgildi og þátttöku í starfi leikskólans?
4. Er munur á sýn og reynslu foreldra eftir upprunalandi þeirra?

## AÐFERÐ

Rannsóknin er hluti yfirlýsingar Nordforsk-rannsóknarverkefnis sem ber heitið „Politics of belonging: Promoting children's inclusion in educational settings across borders“ (NordForsk, e.d.) og er samstarfsverkefni rannsakenda í Finnlandi, á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Hollandi. Markmið rannsóknarverkefnisins var að auka þekkingu á fullgildi barna í mismunandi menntastofnunum og það beindist að tækifærum barna til þátttöku í jafningjahópi og takmörkunum þar á, einkum barna með fjölbreyttan félagslegan og/eða menningarlegan bakgrunn. Meginlegum og eigindlegum gögnum var safnað en niðurstöðurnar sem hér eru kynntar byggjast á meginlegum gögnum rannsóknarinnar. Í þessum hluta hannaði alþjóðlega rannsóknarteymið staðlaðan spurningalista á grunni fræðilegra kenninga um fullgildi (Yuval-Davis, 2006) sem lagður var fyrir starfsfólk leikskóla annars vegar og foreldra leikskólabarna hins vegar. Hér er fjallað um svör foreldra íslenskra leikskólabarna. Fyrri höfundur þessarar greinar var í þessu alþjóðlega teymi og hafði umsjón með hönnun, staðfærslu og fyrirlögn spurningakönnunarinnar hér á landi. Annar höfundur sá um úrvinnslu íslensku gagnanna.

## Pátttakendur

Leikskólastjórar eða yfirmenn leikskólamála sveitarfélaga fengu upplýsingar um rannsóknina og slóð á spurningalista á netinu sendar og voru þeir beðnir að senda þær áfram til foreldra allra leikskólabarna í sveitarfélaginu. Í öllum aðildarlöndum rannsóknarinnar var þessi hentugleikaaðferð notuð til að ná til pátttakenda. Aðferðin hefur þann kost að neti er kastað víða í því skyni að hámarka fjölda pátttakenda í rannsókn og að þeir komi sem víðast að. Markmiðið var að ná til nægilegs fjölda foreldra til að öðlast innsýn í nýtt viðfangsefni, en vitað er að svarhlutfall netkannana af þessu tagi er lágt (Evans og Mathur, 2018). Af þeim sökum er ekki hægt að tryggja að sá hópur sem svarar könnun endurspeglir þýði með nákvæmum hætti. Svör bárust alls frá 300 foreldrum, 231 konu (77%) og 66 körlum (22%) og þrír pátttakendur gáfu ekki upp kyn sitt. Flestir foreldrar voru á aldrinum 31–35 ára (30%), 26% voru á aldrinum 36–40 ára, 20% á aldrinum 26–30 ára en 8% yngri en 25 ára. Þá voru 16% pátttakenda 41 árs eða eldri. Meirihluti pátttakenda var fæddur á Íslandi eða 89% (267 foreldrar), 30 voru fæddir í öðru landi en Íslandi (10%) en þrír gáfu ekki upp fæðingarstað. Sé litið til þess hvernig hópurinn sem tók þátt endurspeglar hlutfall innflytjenda á landinu skal þess getið að við upphaf ársins 2021 voru 15,5% íbúa landsins innflytjendur (Hagstofa Íslands, 2021b).

## Mælitæki

Spurningalistinni innihélt 12 mælingar á reynslu foreldra af fullgildi í leikskólanum og fólust þær í mismörgum fullyrðingum sem foreldrar voru beðnir að taka afstöðu til. Fjallað er um níu þeirra í þessari grein. Nokkrar bakgrunnsspurningar voru í listanum og er spurning um uppruna pátttakenda notuð hér. Loks voru tvær opnar spurningar í listanum sem ekki voru nýttar í þessari grein.

Fyrsta rannsóknarspurningin snýr að sýn foreldra á fullgildi og stöðu barna sinna í jafningjahópi og var hennar aflað með þremur spurningum. Í þeirri fyrstu voru foreldrar beðnir að meta hvort barn þeirra væri útilokað frá barnahópnum vegna menningarlegs bakgrunns, tungumáls, fötlunar, félagslegrar stöðu, trúarlegs bakgrunns eða einhvers annars. Svarmöguleikar voru sjö, allt frá 1 = aldrei til 7 = alltaf fyrir hvert framangreindra atriða. Til einföldunar var svarmöguleikum fækkað í fjóra (aldrei, sjaldan, stundum, oft) með því að leggja saman svör (2 og 3 = sjaldan og 5, 6 og 7 = oft). Önnur spurningin um fullgildi og stöðu barna í jafningjahópi fjallaði um mat foreldra á stöðu barns síns í hópi annarra barna í leikskólanum og var mæld með 16 fullyrðingum sem þeir voru beðnir að taka afstöðu til. Dæmi um fullyrðingar eru: „Barnið mitt á marga vini í leikskólanum“ og „Ég hef áhyggjur af því að barnið mitt sé útilokað frá jafningjasamfélaginu“. Svarmöguleikar voru sjö, allt frá 1 = mjög ósammála til 7 = mjög sammála. Til einföldunar var svarmöguleikum fækkað í fimm með því að leggja saman svör fyrir gildin 2 og 3 og fyrir gildin 5 og 6.

Önnur rannsóknarspurning fjallaði um mat foreldra á því hvernig hægt væri að vinna með fullgildi í leikskóla barnanna. Í spurningalistanum voru fimm aðskildar spurningar með fullyrðingum um markmið, stuðning og starfshætti þegar unnið væri með fullgildi í leikskólanum. Foreldrar voru beðnir að raða fullyrðingunum eftir mikilvægi. Pátttakendur voru ekki bundnir af því að gefa hverri fullyrðingu sitt sæti í röðinni, heldur gátu þeir til

að mynda sett fleiri en eina fullyrðingu sem sitt mikilvægasta val. Spurt var um væntingar foreldra þegar börn væru studd til fullgildis og gefnir sex möguleikar sem þátttakendur voru beðnir að raða eftir mikilvægi (1 = mikilvægast til 6 = léttvægast). Dæmi um möguleika voru: 1) að öll börnin séu fullgildir þátttakendur í barnahópnum og 2) að öll börnin séu í vináttusambandi við að minnsta kosti eitt annað barn. Í annarri spurningu voru fjórar fullyrðingar um nám barna um fjölbreytileika og fullgildi og voru foreldrar spurðir hvað þeir teldu mikilvægast að barn þeirra tileinkaði sér (1 = mikilvægast til 4 = léttvægast). Dæmi um svarmöguleika voru: 1) að öðlast skilning á fjölbreytileika, 2) að skilja og ræða eigin tilfinningar og annarra um fjölbreytileika.

Næstu tvær spurningar beindust að mikilvægum hugmyndum um menntun þegar starfsfólk nálgast viðfangsefnið fullgildi í leikskólasamfélagi barnsins. Foreldrar voru beðnir að velja annan möguleika af tveimur. Annars vegar voru þeir beðnir að velja á milli fullyrðinganna: 1) ég tel að starfsfólk ætti aðallega að leggja áherslu á þarfir alls barnahópsins, 2) ég tel að starfsfólk ætti aðallega að leggja áherslu á þarfir hvers einstaks barns. Hins vegar voru þátttakendur beðnir að velja á milli fullyrðinganna: 1) ég held að börn læri um fullgildi í gegnum samskipti og leik með öðrum, 2) ég held að hlutverk starfsfólksins sé að vera fyrirmynd barnanna í fullgildi. Að síðustu voru foreldrar beðnir að meta mikilvægi starfshátta starfsfólks í fjölbreyttum barnahópi og fengu átta atriði til að raða eftir mikilvægi. Dæmi um svarmöguleika voru: 1) að vera fyrirmynd í að bjóða öðrum að vera með og 2) að hvetja börnin til þess að hlusta á sjónarmið annarra. Til að auðvelda greiningu á mati á starfsháttum eftir uppruna þátttakenda og í tengslum við sýn þátttakenda á fullgildi voru svörin flokkuð í tvennt fyrir hverja spurningu. Í fyrri flokknum voru þau atriði sem þóttu mikilvægust eða frekar mikilvæg (gildi 1 og 2) og í þeim síðari atriði sem þóttu síður mikilvæg (samanlögð önnur atriði).

Í þriðju rannsóknarspurningu var sjónum beint að reynslu foreldranna af eigin fullgildi og þátttöku í starfi leikskóla barnanna. Þessi reynsla var mæld með sjö fullyrðingum. Dæmi um fullyrðingar í þessum hluta voru: „Mín tilfinning er sú að flestir foreldrar skynji að þeir séu fullgildir í leikskóla barnsins míns“ og „Það er samræmi á milli gilda fjölskyldunnar og gilda leikskólans um fjölbreytileika“. Svarmöguleikar voru sjö, allt frá 1 = mjög ósammála til 7 = mjög sammála. Líkt og í fyrrgreindri spurningu var svarmöguleikum fækkað í fimm til einföldunar.

Kannað var hvort svör þátttakenda væru mismunandi eftir því hvort foreldri var fætt á Íslandi eða ekki. Spurt var hvort viðkomandi væri fædd(ur) á Íslandi og gefnir svarmöguleikarnir já/nei en einnig gefið færi á að tilgreina fæðingarland í opinni spurningu.

## Framkvæmd og gagnagreining

Áður en könnuninni var dreift fékkst leyfi fyrir rannsókninni hjá skólaskrifstofum og deildum sveitarfélaga og hjá leikskólastjórum. Leikskólastjórnendur voru beðnir að senda spurningalistana áfram til foreldra og höfðu rannsakendur í sumum tilfellum beint samband við stjórnendur en í öðrum tilfellum voru fulltrúar sveitarfélaga tengiliðir. Sendar voru ítrekanir með ósk um svörun á netföng tengiliða.

Sambærilegur spurningalisti fyrir leikskólastarfsfólk annars vegar og foreldra hins vegar var hannaður í samstarfi alþjóðlega rannsóknarteymisins og þýddur á íslensku. Teymi



Íslenskra rannsakenda fór yfir þýðingu, listinn var prófarkalesinn og að því búnu bak-þýddur á ensku. Þýðingin var yfirfarin með íslenskufraeðingi og breytingar gerðar þar sem þurfti. Forprófun listans fólst í því að tveir leikskólakennarar, sem jafnframt voru foreldrar, svöruðu listanum og í framhaldi var haldinn fundur með þeim til að ræða spurningarnar. Við prófun kom fram að orðalag þyrfti að vera skýrara í nokkrum tilfellum til að auðvelda þátttakendum að svara spurningum. Það tók þátttakendur um 15 mínútur að svara spurningalistanum. Foreldrar gátu valið um að svara listanum á ensku eða íslensku.

Gagnagreining fór fram með SPSS-forritinu. Mat foreldra á mikilvægum markmiðum, hugmyndum um menntun og starfsháttum og sýn þeirra á eigin fullgildi og fullgildi og þátttöku barna þeirra var reiknað sem hlutföll og eru þau sýnd myndrænt. Þá var kannað með kí-kvaðrat-prófi hvort munur væri á milli hópa eftir upprunalandi. Jafnframt var kí-kvaðrat-próf notað til að meta hvort munur væri á sýn foreldra á þátttöku og fullgildi barna sinna eftir mati þeirra á mikilvægi markmiða, hugmynda og starfshátta.

## Siðferðileg álitamál

Nafnleynd var tryggð í rannsókninni og ekki var hægt að rekja upplýsingar til þátttakenda og sveitarfélaga. Tekið var fram í formála að spurningalista að þátttaka væri frjáls, þátttakendur gætu sleppt einstökum spurningum og hætt þátttöku hvenær sem væri. Spurningalistinn var vistaður í forritinu Key Survey á vegum Queensland University of Technology og sáu rannsakendur í ástralska háskólanum um að opna og loka könnuninni. Forritið Key Survey er hannað í þeim tilgangi að koma til móts við siðferðileg og tæknileg viðmið um spurningalistakannanir. Rannsakendur sem taka þátt í verkefninu hafa einir aðgang að gögnum, þau eru geymd á öruggum stað og þeim verður eytt 31.12. 2035. Þátttakendur gátu valið um hvort þeir notuðu ensku eða íslensku útgáfuna af spurningalistanum.

## NIÐURSTÖÐUR


Fjallað er um niðurstöður rannsóknarinnar í þremur köflum í sömu röð og rannsóknarspurningarnar birtast. Í þeim fyrsta er umfjöllun um mat foreldra á fullgildi barna sinna og stöðu í jafningjahópi. Tekin er fyrir sýn foreldra á tengsl barnanna við jafningja sína og þátt starfsfólks í fullgildi þeirra. Annar kafli snýr að starfsháttum í leikskóla barnanna og sjónarmiðum foreldra um ákjósanlega starfshætti þegar börnin eru studd til fullgildis. Í síðasta kaflanum er fjallað um reynslu foreldra og sýn þeirra á eigin fullgildi og þátttöku í leikskólastarfinu. Með fjórðu rannsóknarspurningunni var ætlunin að kanna hvort reynsla og sýn foreldra væri mismunandi eftir upprunalandi þeirra og er sá munur útskýrður jafn-óðum þegar fjallað er um efnið í köflunum þremur.



## Fullgildi og staða barna í jafningjahópi


Foreldrarnir voru beðnir að meta hvort og í hversu miklum mæli þeim fyndist barnið sitt vera útilokað frá barnahópnum. Spurt var hvort börnin sættu útilokun vegna félagslegrar stöðu, fötlunar, trúar, tungumáls eða menningar. Í um eða yfir 90% tilfella allra flokka; félagslegrar stöðu, fötlunar, trúar, tungumáls eða menningar, töldu foreldrar barnið sitt aldrei vera útilokað. Helst kom fram að tungumál gæti útilokað barn, en 4% foreldra töldu þetta gerast stundum eða oft. Fram kom marktækur munur eftir upprunalandi foreldra. Foreldrar sem fæddir voru í öðru landi en Íslandi voru líklegri til að telja að börn þeirra væru útilokuð vegna menningarlegs bakgrunns (kí-kvaðrat:  $X^2(4, N = 244) = 40,8, p = 0,000$ ) og tungumáls (kí-kvaðrat:  $X^2(6, N = 244) = 42,1, p = 0,000$ ).

Næst vikur sögunni að mati foreldra á reynslu barna sinna í barnahópnum í leikskól-  
 anum. Að baki liggja 16 fullyrðingar og eru svör foreldra við þeim sýnd á mynd 1, 2 og 3. Á fyrstu myndinni eru fullyrðingar um tengsl barnsins við önnur börn í leikskólanum.




Mynd 1. Mat foreldra á tengslum barnsins við önnur börn í leikskólanum.

Meirihluti foreldra telur barnið standa vel að vígi í tengslum við önnur börn í leikskól-  
 anum. Það sé hluti af leikskólasamfélaginu (93% mjög eða frekar sammála), leggi sitt af  
 mörkum til jafningjasamfélagsins (84% mjög eða frekar sammála), eigi marga vini (84%  
 mjög eða frekar sammála) og hlustað sé á það (74% mjög eða frekar sammála). Ekki kom  
 fram munur á mati foreldra eftir uppruna. Mynd 2 sýnir svör foreldra við spurningum um  
 leikskólasamfélagið og hversu vel þeir treysta starfsfólki leikskólans.



**Mynd 2. Mat foreldra á leikskólasamfélaginu og þætti starfsfólks.**

Sjá má af mynd 2 að afstaða foreldra til samstöðu í leikskólasamfélaginu var jákvæð. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra var mjög eða frekar sammála (84–94%) öllum fullyrðingum. Foreldrar treystu starfsfólkinu fyrir því verkefni að styðja barnið til að vera hluti af leikskólasamfélaginu (94% mjög eða frekar sammála), þeir töldu að starfsfólk hlustaði á barnið (90% mjög eða frekar sammála), sinnti því þannig að það hefði áhrif (91% mjög eða frekar sammála) og tæki alltaf á móti barninu (89% mjög eða frekar sammála). Enginn munur var á afstöðu foreldra eftir upprunalandi. Á mynd 3 kemur fram hvernig foreldrar meta fullgildi og þátttöku barna sinna í jafningjahópnum.




**Mynd 3. Mat foreldra á fullgildi og þátttöku barna í jafningjahópnum.**

Meirihluti foreldra mat það svo að barnið stæði vel að vígi í jafningjahópnum. Aðeins 8% foreldra voru mjög eða frekar sammála því að þeir hefðu áhyggjur af útilokun barnsins. Sama hlutfall var mjög eða frekar sammála því að barnið hefði ekki mikil áhrif í leik með öðrum börnum. Þetta þýðir að mikill meirihluti taldi börnin hafa mikil áhrif í leik með öðrum börnum (67% mjög eða frekar sammála). Þá voru 77% mjög eða frekar ósammála því að þeir hefðu áhyggjur af stuðningi við barnið til fullgildis í leikskólasamfélaginu og 68% kváðust ekki hafa áhyggjur af þeim tíma sem þyrfti til að styðja börn með ólíka hæfni og bakgrunn í leikskólahópi barnsins.

Í þessum hluta kom fram nokkur munur á afstöðu foreldra eftir uppruna þeirra. Þannig höfðu foreldrar sem fæddir voru utan Íslands meiri áhyggjur af því hvernig barnið væri stutt svo því fyndist það fullgilt í leikskólasamfélaginu (33%) en foreldrar sem fæddir voru á Íslandi (7%), sem var marktæk niðurstaða samkvæmt kí-kvaðrat:  $X^2(4, N = 297) = 30,8, p = 0,000$ . Einnig kom fram marktækur munur eftir uppruna á áhyggjum foreldra af þeim tíma sem þyrfti til að styðja börnin, kí-kvaðrat:  $X^2(4, N = 295) = 48,2, p = 0,000$ . Eins og í fyrri spurningu höfðu foreldrar af erlendum uppruna frekar áhyggjur af þessum þætti (35%) en foreldrar af íslenskum uppruna (12%). Þá höfðu foreldrar mismiklar áhyggjur af útilokun barns síns í jafningjasamfélagi eftir uppruna þeirra, kí-kvaðrat:  $X^2(4, N = 296) = 21,7, p = 0,000$ . Í þessu efni sögðust 27% foreldra af erlendum uppruna hafa áhyggjur af útilokun en 6% foreldra af íslenskum uppruna höfðu slíkar áhyggjur. Í næsta kafla er vikið að stuðningi starfsfólks og starfsháttum sem stuðla að fullgildi.

## Starfshættir sem stuðla að fullgildi


Leitað var eftir skoðun foreldra á markmiðum og starfsháttum sem stuðla að fullgildi allra barna. Mynd 4 sýnir hvernig foreldrar mátu mikilvægi sex markmiða þegar börn eru studd til fullgildis í leikskólanum.



Mynd 4. Sjónarmið foreldra um mikilvægi markmiða þegar börn eru studd til fullgildis.


Sjá má á mynd 4 að foreldrum þótti mikilvægast að öll börn væru viðurkennd eins og þau eru (40%) og þar næst að öll börn væru fullgildir þátttakendur í barnahópnum (30%). Að auki þótti 47% frekar mikilvægt að öll börn væru í vináttusambandi við að minnsta kosti eitt annað barn og 39% að börnin sýndu hvert öðru hlýju.

Þó að fáir þátttakendur hafi merkt við möguleikann að öll börnin upplifi menningarlega næmni sem sitt mikilvægasta markmið kom fram munur á afstöðu til þeirrar spurningar eftir upprunalandi foreldra. Heldur líklegra var að foreldrum sem fæddir voru utan Íslands þætti þetta mikilvægast eða frekar mikilvægt (18%) en foreldrum sem fæddir voru á Íslandi (1,5%). Tölfræðilega marktækur munur fannst á svörunum, kí-kvaðrat:  $\chi^2(5, N = 291) = 29,7, p = 0,000$ .



**Mynd 5. Sjónarmið foreldra um nám barnsins um fjölbreytileika.**


Mynd 5 sýnir svör foreldra við spurningum um nám barna um fjölbreytileika. Svörin gefa til kynna að tvennt hafi verið þeim mikilvægast. Annað atriðið var að börnin öðluðust skilning á og gætu rætt eigin tilfinningar og annarra um fjölbreytileika, en 67% foreldra fannst það mikilvægast eða frekar mikilvægt. Hitt atriðið var að börnin öðluðust skilning á fjölbreytileika og þótti 68% foreldra þetta atriði mikilvægast eða frekar mikilvægt. Ríflega helmingi svarenda þótti léttvægast að börnin lærðu ákveðnar staðreyndir um fjölbreytileika en þarna mátti finna mun eftir uppruna foreldra. Foreldrum sem fæddir voru annars staðar en á Íslandi fannst þetta mikilvægast í 26% tilfella á móti 7% foreldra sem fæddir voru á Íslandi, kí-kvaðrat:  $X^2(3, N = 291) = 11,6, p = 0,009$ . Á mynd 6 kemur fram hvers konar áherslur foreldrum þykja æskilegastar þegar unnið er með fullgildi í leikskólastarfinu.



Mynd 6. Mat foreldra á áherslum starfsfólks þegar það styður börn til fullgildis í leikskólanum.

Þegar foreldrar voru beðnir að velja á milli þess hvort þeim myndist að starfsfólk ætti að leggja áherslu á að börn lærðu um fullgildi í gegnum samskipti og leik með öðrum eða með því að vera sjálfstær fyrirmynd barnanna völdu 60% hið síðarnefnda, eins og fram kemur á mynd 6. Meðal þeirra sem töldu mikilvægara að börn lærðu um fullgildi í gegnum samskipti og leik með öðrum voru 82% frekar eða mjög sammála því að barnið þeirra væri hæft í að tjá sig og bjóða öðrum að vera með. Heldur færri þeirra sem fannst þetta markmið léttvægara (76%) voru mjög eða frekar sammála því að börnin hefðu þá hæfni og var sú niðurstaða marktæk samkvæmt kí-kvaðrat:  $\chi^2(8, N = 295) = 25,1, p = 0,001$ .

Foreldrar voru einnig beðnir að velja á milli þess hvort þeim myndist að leggja ætti áherslu á þarfir alls barnahópsins eða þarfir hvers einstaks barns þegar starfsfólk ynni að fullgildi í leikskólanum og eru þau svör einnig sýnd á mynd 6. Fram kom að 70% fannst að leggja ætti áherslu á þarfir hvers einstaks barns og 33% að leggja ætti áherslu á þarfir alls barnahópsins. Þá voru foreldrar spurðir hvaða starfshættir þeim myndust eiga best við þegar starfsfólk leikskóla ynni með fjölbreyttum barnahópi. Mynd 7 sýnir svörin og skal minnt hér á að sumir þátttakendur settu fleiri en eitt atriði í fyrsta sæti sem mikilvægustu aðferðina.




Mynd 7. Sjónarmið foreldra um starfshætti í fjölbreyttum barnahópi.

Mikilvægast þótti að starfsfólk væri fyrirmynd barnanna í að bjóða öðrum að vera með (34%). Ríflega 50% svara voru á þá leið að þetta væri annaðhvort mikilvægasta eða frekar mikilvæg aðferð. Alls þótti 37% foreldra mikilvægast eða frekar mikilvægt að styðja börnin til þess að vinna saman að lausn vandamála sem tengdust því að vera fullgildir þátttakandi eða vera útilokaður í leikskólanum. Þá þótti einnig mikilvægt að hvetja börnin til að lýsa tilfinningum sínum um fullgildi en 28% foreldra fannst það mikilvægast eða frekar mikilvægt.



## Reynsla foreldra af eigin fullgildi og þátttöku í leikskólastarfinu

Að lokum var spurt um afstöðu foreldra og reynslu af þátttöku í ákvörðunum og samstarfi sem tengdist fullgildri þátttöku barnanna. Á mynd 8 má sjá hversu sammála eða ósammála þeir voru fullyrðingum sem tengdust þessu.



Mynd 8. Mat foreldra á eigin fullgildi og þátttöku í leikskólastarfinu.

Svör foreldra benda til þess að þeim gangi vel að eiga samstarf við starfsfólk leikskóla barnsins. Foreldrar studdu gildi um fjölbreytileika (87% mjög eða frekar sammála), töldu að samræmi væri í gildum fjölskyldu og leikskóla (81% mjög eða frekar sammála) og höfðu sjálfstraust til að koma skoðunum á framfæri (84% mjög eða frekar sammála). Næstum allir foreldrar vildu vita ef barnið þeirra útilokaði önnur börn á grundvelli hæfni eða bakgrunns eða ef barnið þeirra væri útilokað (98% mjög eða frekar sammála). Helst skorti að foreldrar teldu sig fá að koma að umfjöllun um markmið og aðferðir sem stuðluðu að fullgildri þátttöku í leikskólanum en 21% foreldra fannst þeir ekki vera með í ráðum og 30% voru hvorki sammála né ósammála fullyrðingu þar um.

Upplifun foreldra á þátttöku í leikskólastarfinu var þó mismunandi eftir uppruna þeirra. Foreldrar af erlendum uppruna voru ólíklegri til að treysta sér til að koma á framfæri skoðunum og hugmyndum (67% mjög eða frekar sammála) en foreldrar af íslenskum uppruna (86%). Munurinn var marktækur: kí-kvaðrat  $\chi^2(4, N = 294) = 15,9, p = 0,003$ .

## UMRÆÐA

Fullgildi í leikskóla vísar meðal annars til þess að öll börn séu viðurkennd í jafningjahópi, þeim finnist þau eiga þar heima og tengist öðrum félagslega (Johansson og Puroila, 2021). Þessu þarf að huga sérstaklega að varðandi tiltekna hópa sem hættu er á að séu jaðarsettir, svo sem börn af erlendum uppruna (Kernan, 2010; Sadownik, 2018; Stratigos o.fl., 2014). Markmið rannsóknarinnar var að kanna sýn foreldra á fullgildi í leikskólum og hvernig stuðlað er að fullgildri þátttöku allra barna.

Vináttutengsl við jafnaldra eru mikilvægur áhrifaþáttur varðandi fullgildi barna í leikskólum (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020; Juvonen, 2006; Osterman, 2000). Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að almennt var fátítt að þeim foreldrum sem tóku þátt fyndist barn þeirra vera útilokað frá barnahópnum vegna félagslegrar stöðu, fötlunar, trúar, tungumáls eða menningar. Mikill meirihluti foreldra taldi einnig að börn sín hefðu almennt sterka stöðu í hópi jafningja, þau ættu marga vini, væru hluti af leikskólasamfélaginu og að hlustað væri á þau. Foreldrar af erlendum uppruna skáru sig þó nokkuð úr því þeir höfðu frekar en aðrir foreldrar áhyggjur af því að barn sitt væri útilokað frá barnahópnum og voru líklegri til að telja barnið útilokað vegna menningar eða tungumáls. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýna að foreldrar með erlendan bakgrunn eru kvíðnari vegna skólagöngu barna sinna og óttast að þau verði höfð útundan og standi ekki undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar (Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Van Laere og Vandebroek, 2017).

Niðurstöður okkar benda einnig til þess að foreldrar með erlendan bakgrunn óski eftir betri stuðningi við börn sín til fullgildis og þeir höfðu frekar en aðrir foreldrar áhyggjur af því að ekki gæfist nægur tími í starfinu til stuðnings við börn með mismunandi hæfni og bakgrunn. Fyrri rannsóknir hér á landi gefa til kynna að þessi foreldrahópur hafi áhyggjur af íslenskunámi barna sinna (Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2018) og erlendar rannsóknir sýna einnig að foreldrar með erlendan bakgrunn leggja áherslu á að börn þeirra læri tungumál samfélagsins og öðlist félagslegan færni sem styrki stöðu þeirra í jafningjahópi (Van Laere og Vandebroek, 2017; Vuorinen, 2018). Heldur meiri áhersla var jafnframt meðal þessa foreldrahóps á það að starfshættir miðuðu að því að börnin upplifðu menningarlega næmni og að þau lærðu staðreyndir um fjölbreytileika. Aðrar íslenskar rannsóknir hafa sýnt að þessi hópur kallar eftir meiri stuðningi við tví- og fjöltyngd börn sín, meiri þekkingu á fjölmenningu og fjöltyngi og að móðurmálskennslu sé gert hærra undir höfði (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016; Renata Emilsson Peskova og Hanna Ragnarsdóttir, 2017). Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsóknir með leikskólabörnum hér á landi sem benda til þess að staða barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn sé oft á tíðum veik í barnahópnum og þau virðast hafa færri tækifæri til þátttöku í leik en önnur börn (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020).

Það er áhyggjuefni að foreldrar af erlendum uppruna virðast vera uggandi yfir útilokun barna sinna í jafningjahópi á grundvelli tungumáls og menningar og ástæða fyrir leikskólasamfélagið að gefa þessum niðurstöðum gaum og leita leiða til að taka mið af fjölbreytileika barnahópsins. Starfsfólk leikskóla gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa aðstæður fyrir fullgildi í leikskólasamfélaginu (Arvola o.fl., 2017; Juutinen, 2018; Juutinen

o.fl., 2018; Kultti o.fl., 2017; Nutbrown og Clough, 2009). Það er því mikilvægt að starfsfólk leikskóla bregðist við fjölbreytni í barnahópnum með menningarnæmum starfsaðferðum og ihugi hvernig börn með önnur móðurmál og aðra heimamenningu geti auðgað og bætt leikskólastarfið.

Þegar foreldrar voru spurðir um þau markmið og starfshætti sem þeim þættu mikilvæg til að stuðla að fullgildi nefndu flestir vináttu og hlýju milli barnanna og að börnin væru viðurkennd eins og þau eru og sem fullgildir þátttakendur. Þessar niðurstöður samsvara niðurstöðum annarra rannsókna með foreldrum leikskólabarna sem sýna m.a. að foreldrar hér á landi leggja áherslu á að í leikskólunum njóti börn umhyggju og þjálfist í samskiptum (Jóhanna Einarsdóttir, 2020) og að þeir líti svo á að félagsleg staða barnanna og vináttutengsl séu forsenda þess að börnum þeirra vegni vel á skólagöngunni (Björn Rúnar Egilsson og Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Í rannsókn á afstöðu leikskólastarfsfólks til mikilvægra starfshátta þegar unnið er að fullgildi komu sömu áherslur fram (Jóhanna Einarsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir, 2021) og virðist því ríkja ágætt samræmi í áherslum foreldra og starfsfólks á þessa þætti.

Svör foreldra í rannsókninni benda til almennrar ánægju með starfsemi og starfsfólk leikskóla barna þeirra. Athygli vekur að ekki kom fram munur á foreldrahópum á trausti til starfsfólks leikskólans og virðist því afstaða foreldra, óháð uppruna, vera sú að starfsfólk standi sig vel í að styðja börn þeirra til að falla inn í leikskólasamfélagið. Ákveðin mót-sögn felst í svörum foreldra með erlendan bakgrunn um starfshætti leikskólans. Þeir lýsa annars vegar yfir ánægju og treysta starfsfólkinu til að styðja fullgildi barnanna en hins vegar hafa þeir áhyggjur af fullgildi barna sinna og að þau fái ekki nægjanlegan stuðning og séu útilokað vegna menningar og tungumáls. Það er einnig umhugsunarefni að þessi foreldrahópur virtist taka það gott og gilt að börn þeirra þyrftu fyrst og fremst að aðlagast leikskólanum og virtust ekki gera ríka kröfu um að leikskólinn lagaði starfsemina að fjölbreyttum barnahópi. Þessar niðurstöður eru sambærilegar rannsóknum í nágrennalöndunum sem hafa leitt í ljós að foreldrar af erlendum uppruna laga sig fljótt að gildum og skólastarfi í nýja samfélaginu og gera ekki kröfur um að skólastarfið lagi sig að börnum þeirra (Solberg, 2018; Tobin o.fl., 2016; Van Laere og Vandenbroeck, 2017).

Þegar foreldrar voru spurðir um reynslu af eigin fullgildi og þátttöku í leikskólastarfinu þá svöruðu flestir því til að þeim gengi vel að eiga samstarf við leikskólann. Helst skorti að foreldrar teldu sig fá að koma að umfjöllun um markmið og leiðir sem stuðluðu að fullgildri þátttöku í leikskólanum. Enn fremur er vert að gefa því gaum að foreldrar af erlendum uppruna treystu sér ekki eins vel og aðrir til að koma eigin sjónarmiðum á framfæri. Þessar niðurstöður eru samhljóða fyrri rannsóknum sem sýna að foreldrar með erlendan bakgrunn upplifa oft hindranir í samskiptum við leikskóla barna sinna (Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2019). Þessar hindranir tengjast einkum tungumálinu, ólíkri valdastöðu og menningarbundnum ágreiningi (Norheim og Moser, 2020).

Rannsóknin leiðir í ljós að foreldrar með erlendan bakgrunn höfðu mestar áhyggjur af fullgildi barna sinna í leikskólanum og upplifðu frekar en aðrir foreldrar hindranir í samskiptum við leikskólann. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og kalla á frekari rannsóknir og endurskoðun á tilhögun foreldrasamvinnu í leikskólum í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) að ólíkum fjölskyldugerðum og menningu skuli sýndur skilningur og virðing. Vel færi

á því að leikskólar þróuðu lýðræðislegt foreldrasamstarf, byggt á umræðum og samninga-  
viðræðum, einkum með þeim sem hafa annað móðurmál og annan menningarbakgrunn  
en er ríkjandi í samfélaginu (Janssen og Vandenbroeck, 2018; Vandenbroeck, 2009).

## LOKAORÐ

Samhliða auknum fjölbreytileika og rannsóknarniðurstöðum sem benda til hættu á jaðar-  
setningu leikskólabarna af erlendum uppruna verður sífellt meira knýjandi að tryggja að  
öllum börnum finnst þau tilheyra, þau séu hluti af jafningjahópi og leikskólasamfélaginu.  
Meirihluti þeirra foreldra sem tóku þátt í rannsókninni telur að börn sín hafi almennt  
sterka stöðu og njóti fullgildis innan leikskólans. Áhyggjur foreldra af erlendum uppruna  
af útilokun barna sinna koma ekki á óvart en þær ber að taka alvarlega. Niðurstöðurnar  
beinast mjög að þýðingu foreldrasamstarfs, en litið hefur verið á foreldrasamstarf sem  
mikilvægan þátt í leikskólastarfi, sem getur haft jákvæð áhrif á félagslega og námslega  
þætti og vellíðan og öryggi barna, ef vel er að verki staðið (Janssen og Vandenbroeck,  
2018; Norheim og Moser, 2020; OECD, 2013). Niðurstöðurnar benda til þess að sumum  
foreldrum finnst þeir hafa meiri möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri  
en öðrum og hafa þannig áhrif á starfshætti sem geti styrkt fullgildi barnanna. Rann-  
sóknin gefur vísbendingar um að sjónarmið foreldra af erlendum uppruna geti verið frá-  
brugðin sjónarmiðum foreldra af íslenskum uppruna. Mikilvægt er þó að hafa hugfast  
að fjölbreytni innan þessa hóps er mikil. Á meðan sumir foreldrar vilja auka tengsl við  
leikskólann eru aðrir sem kjósa meiri fjarlægð (Björn Rúnar Egilsson o.fl., 2021). Einnig  
er vert að benda á að þátttaka í rannsókninni takmarkaðist við þá foreldra sem annað-  
hvort töluðu íslensku eða ensku. Í frekari rannsóknum þyrfti að leita leiða til að ná til  
fjölbreyttari foreldrahóps. Þá mætti draga betur fram hvernig foreldrar vilja að stuðlað sé  
að fullgildi barnanna og hvernig hægt er að auka lýðræðislegt samstarf við foreldra um  
starfshætti leikskólans.

## HEIMILDIR

- Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Áherslur og valdatengsl í samstarfi  
starfsfólks og foreldra í leikskólum. *Sérrit Netlu 2017 – Innsýn í leikskólastarf*. [http://  
netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/004.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/004.pdf)
- Arvola, O., Lastikka, A.-L. og Reunamo, J. (2017). Increasing immigrant children's participa-  
tion in the Finnish early childhood education context. *The European Journal of Social  
and Behavioural Sciences*, 20(3), 2538–2548. <https://doi.org/10.15405/ejsbs.223>
- Björn Rúnar Egilsson, Jóhanna Einarsdóttir og Dockett, S. (2021). Parental experiences of  
belonging within the preschool community. *International Journal of Early Childhood*,  
53, 31–47. <https://doi.org/10.1007/s13158-021-00281-z>
- Björn Rúnar Egilsson og Jóhanna Einarsdóttir. (2022). Þáttaskil leik- og grunnskóla frá sjón-  
arhóli foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í Jóhanna  
Einarsdóttir (ritstjóri). *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna*. Háskólaútgáfan.

- Evans, J. E. og Mathur, A. (2018). The value of online surveys: A look back and a look ahead. *Internet Research*, 28(4), 854–887. <https://doi.org/10.1108/IntR-03-2018-0089>
- Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir. (2019). „Þeir leika saman og eru glaðir, það er bara svo gott“: Félagsleg tengsl og vinátta leikskólubarna af erlendum uppruna. *Sérrit Netlu 2019 – Menntun barna í leikskóla og á yngsta stigi í grunnskóla*. [http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun\\_barna\\_leik\\_grunn/03.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/03.pdf)
- Hagstofa Íslands. (2021a). Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998–2019. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_1\\_leikskolastig\\_\\_0\\_IsNemendur/SKO01103.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_IsNemendur/SKO01103.px)
- Hagstofa Íslands. (2021b). Innflytjendur 15,5% íbúa landsins. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-1-januar-2021/>
- Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir. (2016). Fjölmenningarlegt leikskólastarf: Þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum. *Sérrit Netlu 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. [https://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi\\_felagslegs\\_rettlætis\\_og\\_menntunar\\_an\\_adgreiningar\\_learning\\_spaces\\_for\\_inclusion\\_and\\_social\\_justice/006.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlætis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/006.pdf)
- Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé og Markus Meckl. (2018). Diversity and multiculturalism in Icelandic schools: Parents’ and teachers’ voices. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstjórar), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 180–200). Cambridge Scholars Publishing.
- Janssen, J. og Vandebroek, M. (2018). (De)constructing parental involvement in early childhood curricular frameworks. *European Early Childhood Education Research Journal*, 26(6), 813–832. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2018.1533703>
- Joerdens, S. H. (2014). ‘Belonging means you can go in’: Children’s perspectives and experiences of membership of kindergarten. *Australasian Journal of Early Childhood*, 39(1), 12–21. <https://doi.org/10.1177/183693911403900103>
- Johansson, E. og Puroila, A.-M. (2021). Research perspectives on the politics of belonging in early years education. *International Journal of Early Childhood*, 53, 1–8. <https://doi.org/10.1007/s13158-021-00288-6>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikskólastarf af sjónarhóli foreldra. *Uppeldi og menntun*, 19(1–2), 9–31.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2020). Viðhorf foreldra og opinber leikskólastefna. *Netla – Vef-tímarit um uppleddi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2020.6>
- Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir. (2019). Parent-preschool partnership: Many levels of power. *Early Years: An International Research Journal*, 39(2), 175–189. <https://doi.org/10.1080/09575146.2017.1358700>
- Jóhanna Einarsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir. (2021). Gildismat og sýn starfsfólks leikskóla á fullgildi í fjölbreyttum barnahópi. *Netla – Vef-tímarit um uppleddi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.2>
- Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppleddi og menntun*, 29(2), 113–131. <https://doi.org/10.24270/tuom.2020.29.6>
- Juutinen, J. (2018). *Inside or outside? Small stories about the politics of belonging in preschools*. University of Oulu.

- Juutinen, J., Puroila, A.-M. og Johansson, E. (2018). "There is no room for you!" The politics of belonging in children's play situations. Í E. Johansson, A. Emilson og A.-M. Puroila (ritstjórar), *Values education in early childhood settings: Concepts, approaches and practices* (bls. 249–264). Springer.
- Juvonen, J. (2006). *Sense of belonging, social bonds, and school functioning*. Lawrence Erlbaum Associates Publishers.
- Kernan, M. (2010). Space and place as a source of belonging and participation in urban environments: Considering the role of early childhood education and care settings. *European Early Childhood Education Research Journal*, 18(2), 199–213. <https://doi.org/10.1080/13502931003784420>
- Kultti, A., Pramling, N. og Pramling Samuelsson, I. (2017). Young children's participation in a new language context: A synthesising analysis for a holistic perspective. Í A. C. Gunn og C. A. Hruska (ritstjórar), *Interactions in early childhood education: Recent research and emergent concepts* (bls. 55–68). Springer.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- NordForsk. (e.d.). Politics of belonging: Promoting children's inclusion in educational settings across borders. <https://www.nordforsk.org/projects/politics-belonging-promoting-childrens-inclusion-educational-settings-across-borders>
- Norheim, H. og Moser, T. (2020). Barriers and facilitators for partnerships between parents with immigrant backgrounds and professionals in ECEC: A review based on empirical research. *European Early Childhood Education Research Journal*, 28(6), 789–805. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2020.1836582>
- Nutbrown, C. og Clough, P. (2009). Citizenship and inclusion in the early years: Understanding and responding to children's perspectives on 'belonging'. *International Journal of Early Years Education*, 17(3), 191–206. <https://doi.org/10.1080/09669760903424523>
- OECD. (2013). *PISA 2012 results: What makes schools successful* (Volume IV): Resources, policies and practices. <https://www.oecd.org/pisa/keyfindings/pisa-2012-results-volume-IV.pdf>
- OECD. (2020). *Quality early childhood education and care for children under age 3. Results from the Starting strong survey 2018*. <https://doi.org/10.1787/99f8bc95-en>
- Osterman, K. F. (2000). Students' need for belonging in the school community. *Review of Educational Research*, 70(3), 323–367.
- Renata Emilsson Peskova og Hanna Ragnarsdóttir. (2017). Strengthening linguistic bridges between home and school: Experiences of immigrant children and parents in Iceland. Í P. Trifonas og T. Aravossitas (ritstjórar), *Handbook of research and practice in heritage language education. Springer international handbooks of education* (bls. 561–576). Springer.
- Sadownik, A. (2018). Belonging and participation at stake. Polish migrant children about (mis)recognition of their needs in Norwegian ECECs. *European Early Childhood Education Research Journal*, 26(6), 956–971. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2018.1533711>
- Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova. (2019). Allir með – Tölum saman um skólamenningu á Íslandi. *Skólavardan*. <http://skolavardan.is/raddir/%E2%80%8Ballir-med-%E2%80%93-tolum-saman-um-skolamenningu-a-Islandi>

- Solberg, J. (2018). Kindergarten practice: The situated socialization of minority parents. *Nordic Journal of Comparative and International Education (NJCIE)*, 2(1), 39–54. <https://doi.org/10.7577/njcie.2238>
- Stratigos, T., Bradley, B. og Sumsion, J. (2014). Infants, family day care and the politics of belonging. *International Journal of Early Childhood*, 46(2), 171–186. <https://doi.org/10.1007/s13158-014-0110-0>
- Tobin, J., Mantovani, S., Pascal, C. og Priessing, C. (2016). Parent and teacher perspectives on curriculum and pedagogy. Í J. Tobin (ritstjóri), *Preschool and im/migrants in five countries* (bls. 75–85). Peter Lang.
- Van Laere, K. og Vandenbroeck, M. (2017). Early learning in preschool: Meaningful and inclusive for all? Exploring perspectives of migrant parents and staff. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(2), 243–257. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2017.1288017>
- Vandenbroeck, M. (2009). Let us disagree. *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(2), 165–170. <https://doi.org/10.1080/13502930902951288>
- Vuorinen, T. (2018). ‘Remote parenting’: Parents’ perspectives on, and experiences of, home and preschool collaboration. *European Early Childhood Education Research Journal*, 26(2), 201–211. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2018.1442005>
- Yuval-Davis, N. (2006). Belonging and the politics of belonging. *Patterns of Prejudice*, 4(3), 197–214.

Greinin barst tímaritinu 13. september 2021 og var samþykkt til birtingar 7. mars 2022.

## UM HÖFUNDANA

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) er prófessor í menntunarfræðum ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún er einnig heiðursdoktor við Háskólann í Oulu í Finnlandi. Hún hlaut viðurkenningu fyrir framlag sitt til rannsókna á menntun ungra barna frá University of Illinois árið 2018. Hún hefur stundað rannsóknir í leik- og grunnskólum um árabíl og ritað fjölda fræðigreina og bóka um efnið. Sérsvið hennar eru rannsóknir með börnum, samfella í námi barna og starfendarannsóknir. Hún er þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, bæði sem rannsakandi og ráðgjafi. Jóhanna situr í stjórn European Early Childhood Education Research Association.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar beinast að börnum og unglingum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, líðan þeirra, vinatengslum og félagslegum stuðningi frá vinum og foreldrum. Eyrún lauk BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði árið 1996 og meistarágráðu í sömu grein árið 2002 frá Háskóla Íslands. Þá lauk hún doktorsgráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2019.



# Preschool children belonging in a diverse group of children: The perspectives and experiences of parents

## ABSTRACT

Partnerships between parents and professionals are considered important for quality early childhood education. Parental involvement has been found to have positive effects on children's social as well as academic competences (Janssen & Vandenberg, 2018; Norheim & Moser, 2020; OECD, 2013). This is reflected in Icelandic legislation and policy documents. The Preschool Act (lög um leikskóla nr. 90/2008) stipulates the rights of parents to be provided with information about the care and education of their children. In the national curriculum for preschools (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), families are considered collaborators. Teachers are encouraged to listen to parents' views and to demonstrate understanding and respect for different family structures (The Icelandic National Curriculum Guides for Preschools). The present study is informed by the concept of belonging (Johansson & Puroila, 2021) which refers to children's positive relationships, being able to participate and, thus, experiencing the feeling of home and being part of a group.

The aim of the study was to elicit parents' perspectives on participation in the preschool and practices related to belonging in their children's preschools. Increasing globalization and migration in recent decades has resulted in preschools becoming more diverse. Prior studies have shown that children with diverse linguistic and cultural backgrounds experience non-belonging more frequently than their peers do (Jóhanna Einarsdóttir & Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Accordingly, the study also focused on parents' views on the belonging of children with diverse linguistic and cultural backgrounds.

The research questions are as follows:

1. What are the parents' perspectives on belonging and their children's position in the peer group?
2. What are the parents' perspectives on teaching approaches for promoting belonging?
3. What are the parents' experiences of their own belonging and participation in the preschool practices?
4. Are there differences among parents in regard to these questions according to their country of origin?

The study is part of a large NordForsk study titled 'Politics of belonging: Promoting children's inclusion in educational settings across borders'. In Iceland, 300 parents of preschool children participated in an electronic survey created by a research team with members from five European countries. Most of the participants, 89%, were born in Iceland.

The findings indicate that the majority of the parents surveyed considered their children to have a strong position in the peer group, to have friends, to be part of the preschool community, and to be listened to. The parents trusted the preschool educators, and they placed an emphasis on the warmth and friendship among the children and on the view that children were respected as they are.

Parents with foreign backgrounds were more likely to worry about their children's exclusion in preschool because of language and culture, and they wished for more support to ensure their children's belonging in the group, which is consistent with earlier studies showing that parents with non-dominant backgrounds are more worried about their children's education and concerned that they will be excluded and will fail to meet the school's expectations (Jóhanna Einarsdóttir & Arna H. Jónsdóttir, 2019; Van Laere & Vandenbroeck, 2017). These findings are disturbing, and it is important that educators re-examine their practices and consider how children with different home languages and cultures can enrich the preschool community.

Parents with foreign backgrounds were also less likely than others to report that they were able to influence the preschool practices, and they had less confidence in presenting their views about the preschool. These findings are consistent with previous studies that show that parents with foreign backgrounds often experience hindrances in communicating with the preschool (Jóhanna Einarsdóttir & Arna H. Jónsdóttir, 2019). These hindrances are often connected to language and cultural differences and asymmetrical power relations (Norheim & Moser, 2020).

Although a small group of parents called for the children to be taught facts about diversity and cultural sensitivity, the findings indicate that the parents chose to adapt to the practices of the preschool and trusted the educators to support their children's belonging. They did not demand that the preschool adapt to the children but rather that the children adapt to the preschool. These findings align with other studies showing that immigrant parents quickly accommodate to the values and practices of the schools in their new countries and do not expect the school to make exceptions in order to accommodate their children (Solberg, 2018; Tobin et al., 2016; Van Laere & Vandenbroeck, 2017).

The findings are worth consideration and call for further studies and revisions of parental partnerships in preschool, focusing on democratic parental involvement built on discussions and negotiations, especially among those who have non-dominant home languages and cultural backgrounds (Janssen & Vandenbroeck, 2018; Vandenbroeck, 2009).

Keywords: belonging, parents with foreign background, preschool practices, children with diverse linguistic and cultural backgrounds

## ABOUT THE AUTHORS

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) is a professor of education at the School of Education, University of Iceland. She holds an Honorary Doctorate from the University of Oulu in Finland and was awarded The Distinguished Alumni Achievement Award from University of Illinois in 2018. Professor Einarsdóttir has published and presented numerous papers

and research results on early childhood education, educational transitions, and children's perspectives on their preschool education, to professional and community groups nationally as well as internationally. Jóhanna is on EECERA Board of Trustees.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) is an assistant professor of education studies at the School of Education, University of Iceland. Her research field is foreign-origin adolescents' well-being in relation to their sociodemographic background and social support from friends and family. Eyrún completed a bachelor's degree in education studies in 1996 and a master's degree in the same subject in 2002 from the University of Iceland. She completed her PhD degree from the School of Education in 2019.